

Áburðaráætlun

Gerð áburðaráætlunar má líkja við að ganga upp tröppur, mikilvægt að vinna skipulega og taka eitt þrep í einu en ekki stökkva upp og niður stigann. Áríðandi er að vanda vel til verka við að ákvarða áburðarþarfir einstakra spilda. Það er hin eiginlega grunnvinna.

Þegar smellt er á flipann „áburðaráætlun“ kemur upp þessi valmynd:

- Síður ▾
- Spildur
- Áburðaráætlun**
- Ástand
- Uppskera
- Heysýni
- Jarðvegssýni
- Tilbúinn áburður
- Búfjáraður
- Fréttir
- Sendu athugasem
- Útskrá

Áburðaráætlun 2013 ▾

- ▶ Áburðarþörf
- ▶ Búfjáraður
- ▶ Áætlun
- ▶ Áburðargjöf

Á þessu stigi málsins á ekki að hugsa um hvort viðkomandi spilda hafi fengið búfjáraður eða eigi að fá búfjáraður heldur skal vinna með þær forsendur sem til staðar eru, jarðvegssýni, heysýni og/eða aðrar upplýsingar úr skýrsluhaldi jarðræktarinnar, sem og reynslu. Það er hins vegar til mikilla bóta ef búið er að flokka tún niður eftir grunnfrjósemi og uppsöfnun búfjáraðar.

Áburðarþörf:

Fyrsta skrefið er að velja árið sem á að vinna með og síðan smella á „Áburðarþörf“ þar fyrir neðan birtist hnappurinn „Aðgerðir“.

Áburðaráætlun 2013 ▾

▼ Áburðarþörf

Aðgerðir ▾

Spilda	Stærð (ha.)	Grunnfrjósemi	Uppsöfnun búfjárað.	Ræktun	Jarðvegur	Nýræktarár	Endurr.ár	Gjöf	N	P	K	Hlutfall (%)	Ákvarðað
1 - A	0,3	Mólandi og lítt frjósöm mýri	Nokkur					1	90	12	40	100	Handvirkt
1 - Úttún	1,8	Mólandi og lítt frjósöm mýri	Nokkur	Grænfóður			2012	1	130	25	60	100	Handvirkt
2 - Niðurtún	1,8	Mólandi og lítt frjósöm mýri	Nokkur					1	90	12	40	100	Handvirkt
3 - Framtún	2,5	Mólandi og lítt frjósöm mýri	Nokkur	Tún				1	90	12	40	100	Handvirkt
6 - kviablettur	0,4	Framræst mýri, frjósöm	Miög mikil	Tún			2008	1	90	22	35	100	Handvirkt
7 - veitublettur	0,5	Mólandi og lítt frjósöm mýri	Nokkur	Tún			2008	1	90	22	35	100	Handvirkt
20 - moi	3,0	Mólandi og lítt frjósöm mýri	Mikil	Tún				1	90	22	35	100	Handvirkt

▶ Búfjáraður

▶ Áætlun

▶ Áburðargjöf

Hvað ræður áburðarpörfum?

Mestu ræður frjósemi jarðvegs sem og tegund og aldur ræktunar. Vallafoxgrastún á öðru ári þarf mun meiri áburð en 20 ára tún sem hefur fengið búfjáráburð í ríflega 10 ár af þessum 20, auk þess sem sáðgresi er að líkindum að mestu horfið en annar gróður tekinn við. Fleiri atriðum þarf að huga að þó svo þau séu ekki alltaf sett sem skilyrði við áætlunargerð. Sem dæmi má nefna að sums staðar telst það vera ódýr trygging að nota áburð með brennisteini á þurrlendari tún, eins má segja að mikill breytileiki er á jarðvegi hvað sýrustig varðar. Þar sem jarðvegur er í súrari kanti, þ.e. pH gildi lágt ætti ekki að nota áburð án Ca. (kalks) og víða þar sem slíkt ástand er, þarf líka að kalka jarðveg með öðrum kalkgjöfum. Í súra akra/spildur ætti ekki að reyna að sá korni, repju eða smára og í raun henta súr tún frekar illa í alla ræktun.

Með því að smella á aðgerðarhnappinn birtist flettistika með valmöguleikum; „Nýskrá“, „Nýskrá margar“ og „Skrá sömu þarfir og í fyrra“. Sá sem hefur unnið þessa vinnu áður ætti að velja „Skrá sömu þarfir og í fyrra“ og breyta forsendum þar sem þörf væri á.

Sé verið að gera þetta í fyrsta sinn er best að velja „Nýskrá margar“. Þá birtist þessi valmynd:

Áburðarpörf - skrá margar

Áburðarþarfir fyrir hvaða áburðargjöf villtu skrá ?

[1] - [Gjöf 1](#)
[2] - [Gjöf 2](#)
[3] - [Gjöf 3](#)

[loka](#)

Fyrst skal velja „Gjöf 1“ þegar það er valið birtist allur túnalisti búsin. Þá eru valdar þær spildur sem hafa sambærilegar áburðarþarfir með því að

haka við auða kassa framan við þær. Svona er haldið áfram koll af kalli þar til búið er að ákvarða áburðarþarfir spildnanna til að fá fyrstu uppskeru. Hægt er að smella á nafn spildunnar og þá er farið á síðu sem sýnir alla ræktunarsögu hennar. Þær upplýsingar geta nýst við að ákvarða áburðarþarfirnar.

Þegar áburðarpörf fyrir allar spildur hefur verið ákvörðuð er rétt að huga að áburði fyrir annan slátt og er það gert með því að smella á „Gjöf 2“. Tvær aðferðir má nota við það: Sú fyrri felst í því að skrá áætlaða áburðarpörf milli slátta á allar þær spildur sem áætlað er að bera eigi á og þær valdar í listanum. Seinni aðferðin er fljótlegri en hún felst í því að búið er til auka safnspilda. Þá skal meta hversu marga hektara skuli borið á samtals og skrá þá tölu í stærð eins og myndin sýnir hér að neðan.

Safnspilda (Há):

Lýsing:

Stærð:

Á þessu stigi ætti grunnvinnan að vera tilbúin og þar sem ekki er ætlunin að gera frekari breytingar skal smella á þríhyrninginn fyrir framan „Áburðarpörf“ og loka þessu vinnusvæði.

Búfjáráburður:

Áður en vinna hefst á þessu svæði er best að hafa lokið vinnu í kaflanum um „búfjáráburð“ undir „síður“ (sjá kafla þar um). Þegar lokið hefur verið við að reikna út eða áætla hve mikill lífrænn áburður er til staðar miðað við tengundir og þurrefni er vitað hvaða magn er til staðar til að vinna með við gerð áburðaráætlunar. Þá er farið aftur í „Áburðaráætlun“, „Búfjáráburð“ og í flipann „Aðgerðir“. Þá opnast vinnusvæðið sem er sýnt hér til hliðar. Þarna skal skrá dreifingu búfjáráburðar á eina spildu í einu eða margar, en þegar skráð er á margar verður dagsetning, tegund búfjáráburðar og magn að vera það sama á allar spildur.



Skrá búfjáráburðargjöf

Spilda:

Dagsetning: í dag |

Tegund:

Nýting N (%): 100

Nýting P (%): 100

Nýting K (%): 100

Tonn/ha. 0

Tonn alls.

Nýting:

Með því að breyta nýtingu hér þá breytast sjálfkrafa prósentugildin á nýtingu fyrir N, P og K.

Eins og áður kemur upp listi yfir allar spildur. Haka skal við þær spildur sem vinna á með, velja svo dagsetningu dreifingar og tegund. Í dálkunum „Nýting“ er talan 100% sjálfgefin. Rétt er að geyma skráningu í þessa reiti en skrá þess í stað tonn á ha. eða tonn alls fyrst. Fara síðan í „nýtingu“ neðst í valmyndinni. Þar koma upp þrjú

valmöguleikar: **Mjög góð**, **Góð** eða **Slæm nýting**. Við hvern valflokk breytist áætluð nýting áburðarefna (áður sjálfgefin) sem reiknað er með í forritinu. Síðan er hægt sé þekking á öðru fyrir hendi, að breyta sjálfvöldu gildunum til lækkunar eða hækkunar og á þetta við um alla reitina, N, P og K. Áður en hafist er handa við að bera á túnin er besta aðferðin sú að hafa áður skilgreint áburðarþörfina og síðan velja dálkinn „Nýskrá margar (sjálfkrafa reikna magn)“ en á þann hátt fæst besta nýting á því magni búfjáráburðar sem tiltækt er miðað við gefnar forsendur. Síðan þarf að velja hvort ákvarða eigi magnið út frá kalí eða fosfór. Í ljósi framboðs á tilbúnum áburði er eðlilegast að ganga út frá ákvörðun á magni út frá kalí, um annað val gildir það sama og áður var sagt við val á tegund og nýtingu en forritið velur sjálf magn/ ha. Eins má skrá undir valhappinn „Nýskrá“ ef borið er bara á eina spildu einn daginn og aðra degi síðar eða svo.

Mikilvægt er að hafa í huga að búfjáráburðargjöf sem er skráð að hausti er reiknuð til nýtingar og tekin með í útreikninga áburðaráætlunar næsta árs. Þegar búfjáráburðargjöf er skráð fram í tímann þá birtist sú skráning skáletruð í lista og verður ekki hluti af ræktunarsögu spildunnar fyrr en hún hefur verið leiðrétt eða staðfest.

21	2,4	20.03.2014	Sauðat öpy	11	26	40	90	60	19	19	47	
22	6,0	20.03.2014	Kúam 6,2% þe	20	119	70	90	80	26	12	43	
23 - torfajtarendi	2,3	25.10.2013	Kúam 6,2% þe	26	59	40	90	60	19	16	42	
1 Úttún Grænf	0,7	05.05.2014	Kúam 6,2% þe	40	28	90	100	100	68	28	108	

Skáletraðar færslur eru áætlanir

Tegund	Tonn alls
Kúam 6,2% þe	712
Sauðat öpy	80
Samtals	792

Jörð.is - Áburðaráætlun

Áætlun: Nú hefur áburðarþörfin verið metin og dreifing búfjáráburðar áætluð. Þá er næsta þrep að að gera sjálfa áburðaráætlunina. Þegar smellt er á örina við „Áætlun“ opnast aðgerðarflipi. Smellið á „Aðgerðir“ og þá birtist gluggi. Þarna er hægt að velja „Nýskrá“, „Nýskrá fyrir alla framleiðendur“ og „skoða framboð á áburði undir „Tilbúinn áburður“. Eindregið er mælt með því að aðgerðin „Nýskrá“ sé notuð og að gerð sé áætlun fyrir einn framleiðanda í einu. Hægt er að gera margar áætlanir, sem dæmi fyrst fyrir hvern framleiðanda og síðan fyrir sambland tveggja.

Aðgerðir ▾

Nýskrá
Nýskrá fyrir
alla framl.
Tilbúinn
áburður

► Áburðarþörf
► Búfjáráburður
▼ Áætlun
Aðgerðir ▾

1

Endurreikna áætlun Eyða áætlun Áætlun Pöntun Dreifing

► Skilyrði

Spilda	Stærð (ha.)	Gjöf	Framleiðandi	Tegund	N	P	K	Δ N (kg)	Δ P (kg)	Δ K (kg)	Kg/Ha.	Kg alls	Pokar	Sekkir
22 - Sólvangssléttu	2,6	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	125	22	58	0	-3	-2	606	1563	39	2,6
31 - Beitó 3	0,9	1	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	86	20	0	0	-1	0	330	310	0	0,5
48 - Kjarnorkusléttu	2,6	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	135	24	63	0	-1	+3	655	1696	42	2,8

Framleiðandi	Tegund	Kg	Umfram kg	Pokar	Sekkir	Verð/tonn (-vsk.)	Verð alls (-vsk.)	Verð alls (-vsk.) með umframklíóum
Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	600	289	0	1	91.516 kr.	28.388 kr.	54.909 kr.
Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	3600	340	0	6	96.091 kr.	313.249 kr.	345.927 kr.
Samtals		4200	629	0	7		341.637 kr.	400.836 kr.

Nánar um tilbúinn áburð, framleiðendur, verð og efnainnihald.

Þegar smellt er á nýskrá í fyrsta sinn er boðið upp á að gera áætlun nr. 1

Skilyrði fyrir áburðaráætlun árið 2012 (áætlun númer 1) Síður ▾

Spilda	Stærð (ha.)	Gjöf	N	P	K	Ca	Mg	S	Se	B	Klór	Fjölhorn	Framleiðandi
Allar						Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	<input type="checkbox"/> Sláturfélag Suðurlands <input type="checkbox"/> Búvís <input type="checkbox"/> Föðurblandan <input type="checkbox"/> Skeljungur <input type="checkbox"/> Sláturfélag Suðurlands <input type="checkbox"/> Búvís <input type="checkbox"/>
1 - Áspearshóll	6,4	1	88,0	12,0	1,0	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	Óháð	<input type="checkbox"/> Sláturfélag Suðurlands <input type="checkbox"/> Búvís <input type="checkbox"/>

Sem fyrr segir er mælt með að gerð sé sérstök áætlun fyrir hvern söluaðila. Hægt er að setja ákveðnar forsendur fyrir þeirri áætlun sem á að gera. T.d. er hægt að setja það sem skilyrði að Ca sé í áburðinum o.s.frv. Þegar forsendur fyrir „allar“ er valið þá eru sömu forsendur hafðar á öllum spildum.

Þegar búið er að fara í gegnum skilyrðin fyrir áætluninni er smell á „áfram“ neðst á síðunni.

Áfram Hætta við

Þá kemur upp listi af þeim spildum sem unnið er með í röð. Efst er dálkur við hverja spildu þar sem fram kemur yfirlit yfir Gjölf nr. 1. Þar er tilgreind „Áburðarþörf miðað við áætlun“ og „þörf að frádregnum búfjáráburði“. Þar að neðan eru listaðir upp fimm bestu möguleikarnir til að nálgast áður framsetta áburðarþörf.

Jörð.is - Áburðaráætlun

Efstur kemur sá kostur sem forritið metur besta kost en ekki er þó sjálfgefið að það sé besti kostur. Í næsta dálki er sýndur framleiðandi og þar næst koma dálkar fyrir N-P og K sem viðkomandi tegund býður upp á. Áburðarpörf + eða - er útlustuð þar á eftir eins og kg./ha. og kg.ha alls. Fjöldi poka og sekkja er settur fram og að lokum verð. Til að sjá upplýsingar um önnur efni en N, P og K í áburðinum er músin sett yfir nafn á áburðartegundinni.

Það kemur fyrir að þrígild tegund með þá umframþörf er hagstæðari en tvígild tegund sem er talin betri. Þarna ræður nokkuð verðmyndun framleiðenda hverju sinni og menn skildu því ekki taka því sem gefnum hlut að fyrsti kostur sem hægt er að haka við sé ætíð besti kostur. Á þennan hátt þarf að fara yfir allar spildur og samþykkja tillögur eða breyta þeim. Að lokum er vistað og þá liggur áætlun nr. 1 fyrir.

Þá birtist eftirfarandi tafla sem síðan má breyta sé þörf á.

▼ Áætlun

▲ Aðgerðir

1

Endurreikna áætlun Eyða áætlun Áætlun Pöntun Dreifing

Skilyrði

Spilda	Stærð (ha.)	Gjöf	Framleiðandi	Tegund	N	P	K	Δ N (kg)	Δ P (kg)	Δ K (kg)	Kg/Ha.	Kg alls	Pokar	Sekkir	
1 - Ásgarðshóll	6,4	1	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	88	21	0	0	+9	-1	338	2167	0	3,6	
2 - Ásgarðshóll A	0,9	1	Sláturfélag Suðurlands	OPTI-KAS	98	0	0	0	-5	+1	362	329	8	0,5	
3 - Ásgarður	1,0	1	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	94	22	0	0	+10	-1	361	354	0	0,6	
22 - Sólvanosslettta	2,6	1	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	64	15	0	0	+7	0	246	635	0	1,1	
25 - Búi	1,0	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	125	22	58	0	-3	+8	606	612	15	1,0	
26 - Klofinnigur	1,6	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	887	22	1,5	
28 - Sólvanossflöt	1,2	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	692	17	1,2	
29 - Beitó 1	1,8	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	1016	25	1,7	
30 - Beitó 2	0,9	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	125	22	58	0	-3	+8	606	539	13	0,9	
31 - Beitó 3	0,9	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-3-8+5e	100	12	40	0	-8	+5	476	447	0	0,7	
32 - Beitó 4	2,0	1	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	1127	28	1,9	

Framleiðandi	Tegund	Kg	Umfram kg	Pokar	Sekkir	Verð/tonni (-vsk)	Verð alls (-vsk)	Verð alls (-vsk) með umframklóum
Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	3600	444	0	6	91.516 kr.	288.736 kr.	329.457 kr.
Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-3-8+5e	600	152	0	1	97.617 kr.	43.677 kr.	58.570 kr.
Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	5400	526	0	9	96.091 kr.	468.276 kr.	518.891 kr.
Sláturfélag Suðurlands	OPTI-KAS	600	270	0	1	72.196 kr.	23.782 kr.	43.317 kr.
Samtals		10200	1392	0	17		824.471 kr.	950.235 kr.

Nánar um tilbúinn áburð, framleiðendur, verð og efnainnihald.

Breyta má einni spildu í einu með að velja hnappinn með blaði og blíant. Þegar smelt hefur verið á þann hnapp er hægt að breyta tegund og magni. Að öðru leiti skýrir taflan sig vel sjálf. Fyrir neðan má svo sjá samantekt á áburðarpöntun og verði án vsk en það er þó með þeim fyrirvara að verðið er reiknað eftir kg. en ekki eftir pokum eða sekkjum. Efst í þessari valmynd má sjá hnappa sem vísa til excelskjala. Þar má velja mismunandi aðgerðir: „Endurreikna áætlun“ og „Eyða áætlun“ og einnig má útbúa excelskjöl yfir áætlun, pöntun og dreifingu.

Pöntun í excel er sett fram í sekkjum og verðið miðað við sekki. Að lokum má nálgast vinnuskjal undir hnappnum „Dreifing“ en gott getur verið að hafa slíkt skjal yfir dreifingu í dráttarvél. Þar eru reitir til þess gerðir að skrá dagsetningu dreifingar, magn og fleiri atriði sem hugsanlega getur verið gott að hafa skráð.

Flestir gera fleiri en eina áburðaráætlun til að hafa samanburð á milli söluaðila um heildarverð. Þegar lokið hefur verið við gerð áætlunar, tekin ákvörðun um hvaða áætlun skuli nota og ákveðið hefur verið hvar skuli versla er ráðlegt að eyða öðrum áætlunum sem gerðar voru úr forritinu. Ef áhugi er fyrir því að geyma ónotaðar áætlanir er betra að vista þær sem excel skjöl og eiga þær sem slíkar en ekki geyma þær í forritinu sjálfu. Þegar búið er að kaupa áburðinn ætti svo að eyða öllum

Athugið að verð sem gefin eru upp í jörð.is eru lægstu auglýstu verð án vsk.

Jörð.is - Áburðaráætlun

öðrum áætlunum en þeirri sem pantað var eftir. Að lokum þarf að útbúa pöntunarblað og panta áburðinn.

Áburðargjöf: Undir flípanum Áburðaráætlun er flípi sem nefnist „Áburðargjöf“.

Með því að smella á þríhyrningin fyrir framan „nafn“ opnast eins og áður

aðgerðahnappur. Þar er boðið upp á að nýskrá, fyrst og fremst fyrir þá sem ekki hafa gert áburðaráætlun og þurfa þeir þá að skrá þarna inn hvað var borið á og hvenær. Ef hins vegar áburðaráætlun hefur verið gerð þá skal að smella á „Skrá


1. áætlun“ eða þá áætlun sem eftir er, hún gæti haft annað númer. Þegar þessi aðgerð er valin

kemur upp valmyndin hér að neðan. Nú er aðeins eftir að skrá dagsetningu áburðargjafar og hún er

valin með því að smella á flípann dagatal. Þá er skráningu áburðarotkunar lokið. Í öftustu dálkum er

val um að breyta ef ekki hefur einhverra hluta vegna ekki farið eftir áætlun á einhver tún. Þegar

skráningu þarna er lokið er smellt á hnappinn vista og færslu lokið.



Skrá áburðargjöf samkvæmt áburðaráætlun númer 1 árið 2012

Síður

Skráðu dagsetningu fyrir þær færslur sem þú vilt skrá sem áburðargjöf.

Spilda	Stærð (ha.)	Gjöf	Dags. gjafar	Framleiðandi	Tegund	N	P	K	Δ N (kg)	Δ P (kg)	Δ K (kg)	Kg/Ha.	Kg alls
1 - Ásgarðshöll	6,4	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	88	21	0	0	+9	-1	338	2170
2 - Ásgarðshöll A	0,9	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	OPTI-KAS	98	0	0	0	-5	+1	363	330
3 - Ásgarður	1,0	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	94	22	0	0	+10	-1	362	354
22 - Sólvangslétta	2,6	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NP 26-6	64	15	0	0	+7	0	246	635
25 - Bút	1,0	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	123	22	58	0	-3	+8	607	613
26 - Klofningur	1,6	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	888
28 - Sólvangsflöt	1,2	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	692
29 - Beitó 1	1,8	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	1016
30 - Beitó 2	0,9	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	123	22	58	0	-3	+8	607	540
31 - Beitó 3	0,9	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-3-8+Se	100	12	40	0	-8	+5	476	448
32 - Beitó 4	2,0	1	<input type="text" value="í dag"/>	Sláturfélag Suðurlands	NPK 21-4-10	115	20	54	0	-5	+9	558	1128

Vista

Hætta við

Þegar þessu er lokið má smella á flípann Gæðastýringarblað og prenta út annað af tveimur gæðastýringarblöðum sem þetta forrit býður upp á.